



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
6. fundur 2013 (37. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 07.11.2013 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Sigurður Thoroddsen	"
Magnús Stefánsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Páll Pálsson	skipulagsfulltrúi
Georg E. Friðriksson	Landhelgisgæslan

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – kynning á stöðu vinnunnar

Skipulagsfulltrúi upplýsti að vinna við aðalskipulagið væri enn í gangi. Gert er ráð fyrir að drög liggja fyrir um næstu mánaðamót og verði kynnt á næsta fundi nefndarinnar.

2. Drög að starfsreglum fyrir svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja

Lögð voru fram drög að starfsreglum fyrir svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja sem samkvæmt skipulagslögum mun verða viðvarandi nefnd og starfa samkvæmt viðkomandi greinum skipulagslaga og -reglugerðar.

Formanni var falið að koma nokkrum athugasemdum á framfæri við ráðgjafa nefndarinnar. Með þeim breytingum áorðnum samþykkir skipulagsnefndin starfsreglurnar fyrir sitt leyti.

3. Fálkavöllur 17 - breyting á deiliskipulagi

Fram hefur farið grenndarkynning vegna flutnings spennistöðvar að Fálkavelli 17. Málið var til umfjöllunar á síðasta fundi nefndarinnar og var samþykkt að grenndarkynna deiliskipulagstillöguna. Engar athugasemdir bárust. Skipulagsnefndin samþykkir deiliskipulagstillöguna

4. Deiliskipulag þjónustubyggingar

Lögð var fram lýsing skipulagsverkefnis, dags. 16.10.2013, vegna deiliskipulags nýrrar lóðar fyrir nýja þjónustubyggingu til að sinna ýmissi flugvallarþjónustu. Fyrirhuguð staðsetning lóðarinnar er sunnan við svæði B í gildandi deiliskipulagi. Svæðið afmarkast af akbraut November-5 til norðurs, Charlie-3 til austurs og flugbraut til suðurs.

Skipulagsnefndin samþykkti skipulagslýsinguna með smávægilegum breytingum sem skipulagsfulltrúa var falið að koma á framfæri.



5 Deiliskipulag reita F og H

Lagt var fram minnisblað skipulagsfulltrúa, dags. 30.10.2013, varðandi deiliskipulag Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á reitum F og H. Minnisblaðið fjallar um nauðsyn þess að endurskoða deiliskipulagið til að unnt verði að koma á móts við þörf á að stækka flugstöðvarbygginguna í nánast allar áttir.

Skipulagsnefndin leggur áherslu á og heimilar að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið sem fyrst. Samþykkt var að grenndarkynna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi stækkun á syðsta hluta Flugstöðvarinnar til vesturs. Með stækkuninni er unnt að bregðast við mikilli aukningu farþegafjölda. Nefndin metur eftirtalda aðila sem hagsmunaaðila í þessu sambandi: Airport Associates, Eldsneytisafgreiðsla Keflavíkurflugvallar og Icelandair Ground Services.

6. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 12.12.2013.

Fleira ekki gert, fundi slitið.